




málverk 91×75 sm, frá 1949. Eig.: Áslaug Þorsteinsdóttir.



Gamli tíminn, 1940. Olíumálverk 97×97 sm. Eig.: Þóra Friðriksdóttir.



ndsson.



Altaristafla , sem Kjarval málaði fyrir sóknarnefndina í Ríp í Skagafirði. Þegar kirkjan í Ríp var vígð 1924 var altaristöflunni komið fyrir þar sem hún átti að vera, en mönnum líkaði þetta listaverk illa norður þar og því var hún tekin niður og látin uppá kirkjuloft. Þar var hún alllengi, unz Ólafi bónda á Hellulandi rann til rifja, hve hún var illa farin í þessari vondu geymslu. Hann keypti altaristöfluna af sóknarnefndinni og flutti hana heim í Helluland. Síðar vildi svo til að Skúli Guðjónsson prófessor í Kaupmannahöfn var þar á ferð og bauð þá Ólafi á Hellulandi að taka myndina með sér út til Kaupmannahafnar og koma henni í viðgerð. Ólafur þáði það boð og Skúli fór utan með myndina. Síðan deyr Skúli og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tekst ekki að komast að því, hvar myndin er niður komin. Þá gerðist það, að Ólafur á Hellulandi fór á miðilsfund. Þar kom Skúli prófessor fram og sagði Ólafi, að myndin væri inni í einhverri kompu sem hann tiltók mjög nákvæmlega á viðgerðarverkstæði Statens Museum for Kunst. Það kom heim og saman; þar var myndin — og heilu og höldnu komst hún aftur uppá vegg á Hellulandi. Þar sá Halldór Laxness hana og falaði hana af Ólafi. Hann féllst á að Halldór fengi myndina, ekki fyrr en eftir sinn dag. Og þegar Ólafur á Hellulandi var allur var myndin hengd upp í Gljúfrasteini og hefur átt þar heima síðan. En opinberlega hefur hún aldrei verið sýnd fyrr en nú.

MERKILEGT VIÐ KJARVAL?

*a, að persónu-
að umtal sem
áreiðanlega
hans. En það
að fyrst og
látið verkin
gna er hans
rn held ég að
svona merki-
ð hann er allt-
n hætti nýr.*

Fyrir utan sitt frábæra landslagsmálverk kom hann víða við; reyndi fyrir sér í geómetrískri abstraktsjón, kúbisma, samklippum, súrrealisma og stundum var hann mjög nærri því, sem síðar var kallað abstrakt expressjónismi. Hann fylgdi samt ekki neinni stefnu alfarið og það var alveg sama undir hvaða merki hann vann: Alltaf mátti sjá það langar leiðir, að verkið var eftir Kjarval og engan annan. Línan varð ævinlega svo persónuleg hjá honum, að henni má líkja við rithönd, sérkennilega rithönd. Þessi tilfinning fyrir rytmískri teikningu sést greinilega í mynd af folaldsmeri, sem hann gerði 16 ára — og þessi rytmíska teikning gengur síðan eins og rauður þráður í gegnum allt lífsverk hans. Í annan stað er Kjarval kóloristi par excellence, — litameðferð hans hlýtur að verða endalaust aðdáunarefni.

Þegar þetta tvennt fer saman: Tilfinning fyrir rytmískri teikningu, sem alls ekki bregst — og tilsvarandi tilfinning fyrir lit, þá er augljóst mál, að árangurinn verður góður; ekki spillir það heldur fyrir, þegar sá hinn sami er skáld — og það var Kjarval einnig. Bæði þegar hann orti, en auðvitað fyrst og fremst þegar hann málaði og gekk á vit hinnar óheftu fantasíu. Menn eru aftur á móti á villigötum, þegar þeir halda að snilld Kjarvals sé fólgin í allskonar felumyndum, sem hann setti stundum vísvitandi í myndir og stundum þykjast aðdáendur málarans hafa gert stórar uppgötvanir og „fundið andlit" eða eitthvað annað í hraunmynd eða fjallshlíð. Borgaralegt mat á Kjarval hefur löngum snúizt fullmikið um þetta atriði, en það kemur myndrænum kostum afskaplega lítið við.

Síðast en ekki sízt er Jóhannes Kjarval svona merkilegur vegna þess, að hann er maður sem kemur hér að ónumdu landi í listinni, einn af okkar brautryðjendum og samt eins og fyrr var sagt: Alltaf ferskur og nýr.

GÍSLI SIGURÐSSON